

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

22. september 2016

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Af starfi skólans ber þess helst að geta að þriðjudaginn 13. september var skógardagurinn á Hólum sem er sameiginlegur þemadagur allra nemenda í 1. – 10. bekk í Grunnskólanum austan Vatna. Þennan dag fór öll kennsla fram undir berum himni og unnu nemendur fjölbreytt og skemmtileg verkefni sem tengdust hinum ýmsu námsgreinum. Í vikunni sem er að líða tóku nemendur skólans þátt í Norræna skólalaupinu og stóðu sig með stakri þryði. Gaman er að segja frá því að alls hlupu nemendur skólans 252,5 km.

Hautsamverur

Hautsamverurnar verða tvær í ár:

Þriðjudaginn 27. september fyrir 8.- 10. bekk kl. 16 – 18.

Þriðjudaginn 4. október fyrir 1.- 7. bekk kl. 16 – 18.

Hautsamverurnar eru vettvangur fyrir alla foreldra, kennara og nemendur til að hittast og ræða það starf sem er framundan. Hautsamverurnar fara fram í grunnskólanum.

Samræmd próf

Samræmd próf stand nú yfir og er tímasetning þeirra sem hér segir:

Dagsetning	Fag	Bekkur
Fimmtudagur 22. sept.	Íslenska	7.
Föstudagur 23. sept.	Stærðfræði	7.
Fimmtudagur 29. sept.	Íslenska	4.
Föstudagur 30. sept	Stærðfræði	4.

Hautþing kennara föstudaginn 7. október.

Föstudaginn 7. október verður frí hjá nemendum vegna hautþings kennara.

Minningarhátíð (Rakelarhátíð).

Sunnudaginn 9. október verður Rakelarhátíðin haldin í Höfðaborg en hún hefur fyrir löngu unnið sér sess í menningarlífi svæðisins. Fyrir þá sem ekki vita er hátíðin fjáröflunarskemmtun fyrir Minningarsjóð Rakelar Pálmadóttur sem var nemandi hér við skólann en lést af slysförum árið 1988, aðeins 8 ára gömul. Sjóðurinn hefur í gegnum tíðina staðið þétt við bakið á skólanum og gefið fjölmarga hluti til hans, bæði til félagsstarfa nemenda og eins tæki til notkunar í kennslu. Nú hefur grunnskólinn tekið við keflinu af fjölskyldu Rakelar og sér nú alfarið um framkvæmd hátíðarinnar. Skemmtunin hefur alla tíð notið velvildar samfélagsins og flestir þeir sem að henni hafa komið gefið vinnu sína. Undirbúningur er vel á veg kominn og viljum við biðja þá sem eru áhugasamir að koma að framkvæmd hátíðarinnar að gefa sig fram. Verkefnin eru margskonar og snúast fyrst og fremst um bakstur og vinnu í eldhúsi. Vinnufúsir og framtakssamir eru beðnir um að hafa samband við Bjarka Má sem fyrst.

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi